

Framhaldsaðalfundur Foreldraráðs VÍ og fræðslufundur var haldinn 4. mars kl. 20 í Rauða sal Verzlunarskóla Íslands

Dagskrá:

Framhaldsaðalfundur - lagabreytingar

Rannsókn á vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi 2013.

Fulltrúi Rannsókna & greiningar greinir frá niðurstöðum fyrir Versló

Nemendafélagið. Jónas Alfreð Birkisson formaður listafélagsins kynnir verkefni og störf nemendafélagsins

Fundur settur og tilkynnt að vegna veikinda þá myndi Elín Thorarensen formaður foreldraráðs sjá um fundarstjórn fundarins. Lena Lenharðsdóttir var kosinn fundarritari.

1. Lagabreytingar

Útskýrð var þörf fyrir lagabreytingar. Eru nauðsynlegar viðbætur sem setja þarf inn í lög til að hægt sé að sækja um kennitölu fyrir foreldrafélagið. Félagið þarf kennitölu til að geta innheimt félagsgjöld en á aðalfundinum 3. október var samþykkt að vera með valfrjáls félagsgjöld og upphæðin sem var samþykkt var kr. 1500. Til að hægt sé að sækja um kennitölu þarf að bæta tveimur greinum í lög. gr. 7 og 8 (rautt hér að neðan) og grein 7. verður þá grein 9.

Fjármál:

6. gr. Tekjur félagsins eru annars vegar styrkir, sem stjórn félagsins er heimilt að taka við frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja félagið og starfsemi þess og önnur fjáröflun. Hins vegar eru tekjurnar valfrjáls félagsgjöld og er upphæð þeirra ákvörðuð á aðalfundi. Reikningstímabil og fjárhagsár félagsins er frá 1. október til 30. september ár hvert.

7.gr. Hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í þágu foreldra og nemenda skólans.

8. gr. Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands.

Lagabreytingar:

9. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn félagsins ekki síðar en 14 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn félagsins hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar og á sama hátt.

Breytingartillaga var samþykkt einróma.

2. Rannsókn á vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi 2013.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknnum og greiningu sagði frá niðurstöðum nýjustu rannsóknar þeirra á vímuefnanotkun framhaldsskólanema og geri sérstaklega grein fyrir stöðu nemenda í VÍ. Ljóst er að við getum að mörgu leyti verið ánægð með stöðu þessara mála hjá nemendum skólans en þó er hægt að gera enn betur og þá ekki síst hvað áfengisneyslu varðar. Umræður urðu um hlutverk og mikilvægi foreldra í þessu máli og þá einkennilegu viðhorfabreytingu til neyslu sem verður hjá foreldrum er nemendur ljúka grunnskóla. Einnig var rætt um forvarnir skólans á böllum og hve góða raun það hefur gefið að láta nemendur í 3. bekk blása í blöðru og spurt af hverju það gildi ekki það sama um 4. bekk.

3. Nemendafélag VÍ

Jónas Alfreð Birkisson fulltrúi nemenda lýsti því fjölbreytta og góða starfi sem nemendafélagið stendur fyrir.

Fundi slitið kl. 22:10